

**32. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38, 18. mars 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi er viðstaddur fundinn gegnum fjarfundarbúnað.

**Dagskrá:**

**2. Umsókn: breyta úr íbúðarhúsi í gistingu - 1802022**

*Erindi frá Marinó Bjarnasyni. Í erindinu er óskað eftir breyttri notkun á matshl.02 fastanr. 212-4244 úr íbúðarhúsi í gistihús.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir uppfærðum aðaluppdráttum af húsinu.*

**3. Umsögn: Fw: Óskað er eftir umsögn og undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó vegna deiliskipulags - 1803006**

*Tekið fyrir erindi Umhverfisráðuneytis dagsett 7. mars 2018 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó og vegi vegna deiliskipulags á athafnasvæði Tungusilungs í Tálknafirði.*

*Samkvæmt 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar. Í ljósi framangreinds sendir ráðuneytið sveitarstjórn erindið til umsagnar og óskast umsögn send eigi síðar en 19. mars nk.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við veitingu undanþágu frá fjarlægðarmörkum frá sjó.*

**4. Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu. - 1604059**

*Deiliskipulag íbúðarsvæði Túnahverfi í Tálknafirði tekið fyrir, greinargerð og uppdráttur.*

*Tillagan, sem sett var fram á uppdrætti og í greinargerð og umhverfisskýrslu, dags. maí 2017 var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga frá og með 8. janúar 2018 til og með 19. febrúar 2018.*

*Engar athugasemdir voru gerðar við skipulagstillöguna á auglýsingatíma. Deiliskipulagstillagan og samhliða breyting á aðalskipulagi var send til umsagnar til*

*Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands.*

*Umsagnir við tillöguna bárust frá Minjastofnun Íslands dags. 30. janúar 2018 sem gerði ekki athugasemdir við tillöguna en benti á minjar gætu leynst í gamla túni Tungubæjarins og komi til framkvæmda innan túnsins verði farið fram á að teknir verði prufuskurðir. Ennfremur var bent á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.*

*Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða benti á í umsögn sinni dags. 5. janúar 2018 að breytingar hafa orðið á vatnsöflun Tálknfirðinga með virkjun linda í Hrafnadal. Liggja þurfi á hreinu hvaðan neysluvatn Tálknfirðinga er tekið því hugsanleg er að eitthvað af neysluvatni sé ekki undir eftirliti. Forsenda fyrir framkvæmdum við varnargarða er að búið sé að aftengja þau hús sem taka vatn úr vatnsbóli við Geitá. Framkvæmdir séu ekki heimilaðar á brunnsvæði vatnsbóls. Áningarstaður er teiknaður við vatnból. Bent var á að framkvæmdarsvæðið er í mikilli nálægð við íbúðarbyggð og gera þarf grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Aðalvatnsból Tálknfirðinga er í Hrafnadal og fá íbúar þorpsins neysluvatn sitt þaðan. Lítil notkun er á vatnsbóli í Geitárhlið og er einungis til vara. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við vatnsbólíð fyrir utan hlaðinn garð en áningarstaðir eru allir í 100-150 metra fjarlægð. Ekki verður því mikil röskun í kringum vatnsbólíð.*

*Veðurstofa Íslands sendi umsögn dags. 1. mars 2018. Veðurstofan bendir á að sýna ætti tillögur að hættumatslínunum eftir að garðar hafa verið reistir og að þess verði getið í greinargerð að hús við Strandgötu 10 og 11 verði keypt upp og að jafnframt að lýst verði fyrirhugaðri nýtingu á C- og B-svæðum. M.t.t. umsagnar þá var gerð breyting á greinargerð þar sem bætt var við umfjöllun um uppkaup í kafla 2.2.1. Nýting innan hættusvæða kemur fram í kafla 5. Gerð var breyting á uppdrætti þar sem tillögur að nýjum hættumatslínunum voru settar inn á uppdrátt.*

*Umhverfisstofnun skilaði inn umsögn dags. 11. ágúst 2017. Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir en benti á að námur sem nefndar eru í tillögunni þurfi að hafa framkvæmdaleyfi og mikilvægi þess að varðveita svarðlag við uppgræðslu til endurnýtingar á lífræna lagið.*

*Fyrir liggur einnig fornleifaskráning af svæðinu.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin óskar eftir að áningarstaður við garðfót verði færður upp í hvíltina á milli garðanna og að gróður neðan varnargarða verði látinn halda sér eins og mögulegt er. Áður en til framkvæmda kemur við ofanflóðavarnir þurfa að liggja fyrir aðgerðir til að tryggja næga vatnsöflun fyrir þau mannvirki sem standa við Strandgötu og tengjast vatnsbólinu fari svo að vatnsbólíð í Geitárhorni þurfi að víkja við framkvæmdirnar. Einnig liggur fyrir þinglýstur samningur um vatnsöflun til handa Tungusilungs sem taka þarf tillit til.*

**5. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga. - 1712033**

*Tekin fyrir breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018, tillaga dagsett 7. febrúar 2018.*

*Breytingin felur í sér breytta landnotkun á þéttbýlisuppdrætti við skólasvæði Tálknafjarðar þar sem landnotkun verður breytt frá svæði fyrir þjónustustofnun og opnu svæði til sérstakra nota yfir í svæði fyrir verslun og þjónustu.*

*Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á reitnum og stækka þarf reitinn til að rúma skilgreinda landnotkun.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti og leggur til að hún verði auglýst skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send til umsagnaraðila.*

#### **6. Aðalskipulagsbreyting : Deiliskipulag - 1706011**

*Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Greinargerð og uppdráttur dagsettur 9. mars 2018.*

*Tillagan var auglýst frá 8. Janúar 2018 til 19. ferbrúar 2018 og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

*Umsagnir liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni. Umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða breytinguna skv.32. gr.skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **7. Bæjarvík : Umsókn um byggingarleyfi - 1608036**

*Upplýsingagjöf byggingarfulltrúa.*

#### **8. Fasteignir: Skráning - 1801031**

*Lagt fram bréf sveitarstjóra um skráningu fasteigna í sveitarfélaginu 2017. Byggingarfulltrúi upplýsti um gang mála.*

#### **1. Umsögn: lögheimilislög - 1801048**

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LI)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

---

Elfar Steinn Karlsson (ESK)